

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 8. febrúar 2023
Málsnúmer: 202301-0090
LA, IAS

Efni: Efnistaka í sjó úti fyrir Landeyja- og Eyjafjallasandi

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, dagsett 5. janúar 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun Heidelberg Cement Pozzolanic Materials vegna áforma um allt að 75 milljón m³ efnistöku í sjó úti fyrir Landeyja- og Eyjafjallasandi og löndunar efnisins í Þorlákshöfn.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Fyrirhugað er að vinna um 60-75 milljónir m³ af lausum jarðefnum í sjó fyrir utan Landeyja- og Eyjafjallasand á 30 árum. Miðað er við að árleg efnistaka verði um það bil 2 milljónir m³. Við efnistöku verður efsta hluta sjávarbotnsins dælt upp, en ekki kemur fram hversu djúpt verður farið. Áætlað er að landa efninu í Þorlákshöfn og að siglt verði þangað 8-10 sinnum í viku að jafnaði.

Gera má ráð fyrir að dælingin hafi áhrif á botndýralíf svæðisins og þarf að koma fram í umhverfismati hvort á fyrirhuguðu námasvæði séu t.d. hrygningarsvæði, uppeldisstöðvar sjávarlífvera eða mikilvæg fæðusvæði fyrir aðrar lífverur. Skoða þarf áhrif á fuglalíf og þá sérstaklega sjófugla.

Gera má ráð fyrir að botngerðin sé að mestu gjóska, en að öllum líkindum einnig blönduð öðrum setgerðum sem borist hafa með Markarfljóti til sjávar. Gera þarf betur grein fyrir hvers konar efni nýtist í sementsgerð því að í öðrum umsóknum hefur verið lögð áhersla á ákveðna gerð af móbergi sem virðist ekki vera aðalmálið hér. Á bls. 17 stendur hins vegar „*Malað íslenskt móberg er einn slíkur kostur.*“

Á svæðinu er fingert set og við dýpkun Landeyjahafnar myndast mikið grugg við athafnasvæðið. Skoða þarf vel magn grugglausna við dælingu og áhrif þess á nærliggjandi umhverfi.

Þá þarf einnig að skoða vel setflutninga í tengslum við strauma og ríkjandi vindátt, og hvort efnistaka á hafsbotni raski ríkjandi jafnvægi. Eins þarf að kanna hvort efnistakan hafi áhrif á setflutninga í og við Landeyjahöfn. Þá þarf að koma fram hversu lengi hafsbotninn er að ná jafnvægi eftir efnistöku.

Um 400-500 m utan við ströndina er sandrif. Ef því er raskað má reikna með að breytingar verði á sjávarrofi og setflutningum við ströndina og þarf að kanna þetta betur.



Skoða þarf umhverfisáhrif vegna loftslagsvárs s.s. breytingar á framburði Markarfljóts vegna bráðnunar jökla eða jökulhlaupa og einnig þarf að gera grein fyrir hamfarafloðum við strönd Landeyja- og Eyjafjallasand.

Náttúrufræðistofnun telur að í umhverfismatinu þurfi einnig að meta löndun efnisins í Þorlákshöfn og samlegðaráhrif þess við aðra áformaða efnislosun á svæðinu, s.s. með tillit til sandfoks.

Staðhæft er að heildarkolefnisspor sé 50 kg á hvert tonn af möluðu gosefni. Færa þarf rök fyrir þeim útreikningum og hvað liggur á bak við þá. Einnig þarf að koma fram hvort að sú kolefnislosun sem verður við vinnslu á allt að 75 milljón m³ af seti, færast í kolefnisbókhald Íslands.

Landeyjahöfn er mikilvæg samgönguæð milli lands og Eyja og frá því að hún var opnuð árið 2010 hefur viðhaldsdýpkun hafnarinnar verið stærsti útgjaldaliðurinn. Árlega er dælt að meðaltali um 500.000 m³ af seti vegna dýpkunarframkvæmda Landeyjahafnar ([https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/vidhaldsdypkanir-landeyjahofn-2018/\\$file/Memo-Landeyjah%C3%B6fn-dredging_2018.pdf](https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/vidhaldsdypkanir-landeyjahofn-2018/$file/Memo-Landeyjah%C3%B6fn-dredging_2018.pdf)). Skoða þarf hvort mögulegt sé að nýta það efni til vinnslu.

Virðingarfyllt,



Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur á sviði Náttúruverndar

